

Náttúra fiskirækt ehf.
Laxabraut 5
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 21. júní 2018
UST201805-334/Ý.G.
08.03

Áminning og krafa um úrbætur vegna vanskila á grænu bókhaldi

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 28. maí sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna Náttúru fiskirækt ehf. vegna vanskila á grænu bókhaldi fyrir árið 2017, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Rekstraraðila var veittur frestur til 12. júní sl. til þess að skila framangreindum upplýsingum fyrir árið 2017. Upplýsingar bárust Umhverfisstofnun ekki fyrir þann tíma.

Umhverfisstofnun veitir Náttúru fiskirækt ehf. hér með áminningu og krefst úrbóta sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 851/2002, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem rekstraraðili hefur ekki skilað grænu bókhaldi fyrir árið 2017. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 5. júlí nk.


Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir skv. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni frávika verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. **Gjaldið er kr. 26.400.**

Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllt



Svava Pétursdóttir
Lögfræðingur



Gunnlaug H. Finarsdóttir
Sviðsstjóri